

1. Dýrahald í íbúðum Búseta á Norðurlandi er því aðeins heimilt að stjórn félagsins hafi veitt til þess leyfi í samræmi við samþykktir félagsins og reglur þessar.
2. Sækja skal um leyfi til skrifstofu Búseta á Norðurlandi og leggja fram öll þau gögn sem almennt er krafist í samræmi við gildandi lög og reglur um dýrahald, ss. vottorð frá dýralækni og staðfestingu á tryggingum og að skráning og/eða leyfisveiting sveitarfélags liggja fyrir.
3. Leyfisskyld dýr eru eftirfarandi;
  - a. Hundar
  - b. Kettir
  - c. Fuglar (sem ekki eru eingöngu hafðir í búrum)
  - d. Nagdýr (sem ekki verða eingöngu höfð í búrum)

Ekki er gert ráð fyrir heimildir fyrir öðrum dýrategundum í húsnæði félagsins. Rétt er að tilkynna og skrá öll önnur dýr sem haldin eru í húsnæði félagsins þó þau séu eingöngu höfð í búrum, þar með talda fugla og einnig nagdýr og öll stærri fiskabúr. Viðkomandi búseti skal skrá dýr sem haldin verða og skal þar með vera viðbúinn því að umsjónarmaður/starfsmenn félagsins sinni eftirliti með dýrahaldinu – og komi inn á heimili í því skyni.

4. Tímabundið leyfi til dýrahalds fæst gagnvart einhverjum eða öllum eftirfarandi skilyrðum;
  - a. Að góðar ástæður séu til dýrahaldsins; þ.e. ef viðkomandi hyggst halda björgunarhund, þarfnast aðstoðar frá blindrahundi eða aðrar jafngildar.
  - b. Mikilvægir hagsmunir liggja í því fyrir viðkomandi fjölskyldu t.d. vegna uppeldis barns eða umönnunar fatlaðra og/eða aldraðra.
  - c. Að búseturéttarhafi geti tryggt að dýrahald hans valdi ekki ónæði fyrir nágretta – né að það valdi skemmdum á húsnæði og umhverfi.

Umsækjandi skilar mynd af viðkomandi dýri sem leyfis er óskað fyrir. Leyfi til dýrahalds gildir í eitt ár í senn. Komi ekki fram kvartanir eða vandkvæði sem leitt geta til afturköllunar leyfisins framlengist leyfið sjálfkrafa meðan dýrið lifir og ekki skapast einhverjar aðrar aðstæður sem leiða til leyfissviptingar.

5. Leyfi til hundahalds fæst ekki í fjölbýlishúsaíbúðum Búseta á Norðurlandi sem eru fyrir ofan jarðhæð og ekki heldur á jarðhæð nema íbúðir hafi sérinngang – óháðan öðrum íbúðum. Um leyfi til að halda kött eða önnur gæludýr í fjölbýlishúsum sem ekki hafa sérinngang skulu gilda þengri takmarkanir en í öðru húsnæði félagsins.
6. Sækja þarf um leyfi til dýrahalds í einstökum íbúðum Búseta á Norðurlandi – til stjórnar. Félagið gerir öðrum íbúum fjöleignarhúss grein fyrir umsókn og gefur kost á athugasemdum og aflar eftir atvikum skriflegs samþykkis áður en afgreiðsla á leyfisbeiðni - eða ósk um framlengingu er tekin fyrir. Samþykkis íbúa er óheimilt að afla með því að ganga í íbúðir og hitta búsetana fyrir einn og einn. Starfsmenn félagsins hafa samráð við umsjónarmenn dýraleyfa hjá Akureyrarbæ varðandi leyfisveitingu í öllum tilvikum og skal hvorugur aðillinn gefa út leyfi til hundahalds án þess að allar staðfestingar liggja fyrir og skilyrði hafi verið uppfyllt.
7. Félagsmenn geta ekki gengið að því vísu að leyfi fáist fyrir hundahaldi í öllum íbúðum sem uppfylla almenn skilyrði þar um. Markmið félagsins er að félagsmenn sem einhverra hluta vegna vilja forðast að búa í næsta nágrenni við hunda eigi kost á íbúðum í húsum án hundahalds. Framkvæmdastjóri Búseta á Norðurlandi skal fylgja því eftir að á hverjum tíma sé amk. þriðjungur fjölbýlishúsa félagsins án hundaleyfa. Skal tekið fram í auglýsingum um lausar íbúðir – ef þegar hefur verið veitt leyfi til hundahalds í einhverri af íbúðum hússins. Ekki verða gerðar sérstakar takmarkanir varðandi hundahald í raðhúsum eða sérþýlisíbúðum með afmarkað lóð til sérnota.

- 
8. Leyfi til að halda dýr í íbúðum Búseta á Norðurlandi skulu án undantekninga háð eftirfarandi skilyrðum;
    - a. Dýrið verði aldrei haft úti við nema í/á aflokuðu rými/svæði og annars aldrei laust.
    - b. Dýrið valdi ekki ónæði eða skemmdum
    - c. Komi upp einhver skilgreindur og alvarlegur vandi meðal nágranna, t.d. ofnæmi – skal framkvæmdastjóri Búseta á Norðurlandi afturkalla leyfi til dýrahalds og gefa búsetum sanngjarnan fyrirvara til flutnings eða viðbragða.
  9. Leyfi til dýrahalds í almennum íbúðum er veitt til eins árs í senn og framlengist sjálfkrafa ef ekki koma upp kvartanir eða vandkvæði. Komi fram kvartanir getur félagið kallað eftir því að umsókn sé endurnýjuð árlega með staðfestum gögnum. Framkvæmdastjóri getur síðan veitt framlengingu á gildandi leyfum í eitt ár ef skilyrðum hefur verið fullnægt. Berist alvarlegar athugasemdir vegna dýrahalds skal framkvæmdastjóri taka afstöðu til afturköllunar á leyfi viðkomandi – og/eða meta hvort forsendur séu til framlengingar á leyfinu. Framkvæmdastjóri tilkynnir þá umsjónaraðilum dýrahalds hjá Akureyrarbæ/Norðurþingi um afturköllun ef til slíks kemur en gerir almennt grein fyrir athugasemdum og kvörtunum sem berast vegna leyfisskyldra dýra.
  10. Stjórn Búseta skal leggja á leyfisgjald og skal einnig ákvarða fjárhæð og form trygginga sem leyfishöfum er gert að setja fyrir dýrahaldi sínu.
  11. Haldi búsetar/leigjendur í íbúðum félagsins dýr án tilskilinna leyfa og skráningar ber framkvæmdastjóra að aðvara viðkomandi og gera stjórn félagsins jafnframt aðvart um hið ósamþykka dýrahald. Verði ekki bætt úr án tafa eða eðlilegra skýringa þá skal framkvæmdastjóri Búseta grípa til ítrustu viðurlaga – og uppsagnar á búseturétti ef nauðsyn krefur.
  12. Ákvæði til bráðabirgða; Þar sem þegar hefur verið veitt leyfi til hundahalds til búseta sem búa fyrir ofan jarðhæð skal annað tveggja gilda;
    - a. Leyfi fyrir viðkomandi hundi haldi gildi á meðan dýrið lifir og ekkert kemur upp á sem réttlætir eða krefst þess að það verði afturkallað.
    - b. Viðkomandi búseta gefist færi á að flytja sig í „sambærilega íbúð á jarðhæð“ og njóti við flutning afsláttar af skilagjaldi sem nemur allt að 30%.

Staðfest í stjórn 7.febrúar 2013